

Nd. **258. Frumvarp til laga** [137. mál]
um breyting á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga
og verðlagsmál, nr. 88 24. sept. 1974.

Flm.: Magnús Kjartansson, Bjarnfríður Leósdóttir.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við 1. málsgrein 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög
nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, bætist:

Upphæðir þessar skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu fram-
færslukostnaðar frá 1. október 1974 að telja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að svonefnd tekjutrygging — þ. e. a. s. við-
bótarlífeyrir til aldraðs fólks og öryrkja sem hefur engar eða sáralitlar aðrar tekjur

en greiðslur almannatrygginga sér til lífsframtækis — breytist í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 24. sept. 1974 og þeim hrikalegu verðhækkunum, sem síðan hafa dunið yfir, voru bætur almannatrygginga skertar mjög tilfínanlega. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975 var þess freistað að draga nokkuð úr þessari skerðingu að því er lífeyrisgreiðslur varðar. Við 2. umræðu fjárlaga var lagt til að 800 milljónum króna yrði varið til þess að tryggja kaupmátt þessara greiðslna, en sú tillaga var felld. Við 3. umræðu fjárlaga var felld tillaga um 500 milljónir króna í sama skyni. Þá var einnig felld tillaga um að ríkisstjórninni væri heimilt að greiða uppbætur á tekjutryggingu í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu! Sú afgreiðsla virtist fremur bera vott um kergju en raunsætt mat. Því er þess enn freistað að afla fylgis þingmanna við þá hugmynd að þyrma því fólki sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu. Viðbótargreiðsla til fólks, sem nýtur tekjutryggingar, er nú rúmar 8000 kr. á mánuði sem hámark. Enda þótt við erfiðleika sé að etja í efnahagsmálum verða vart færð rök að því að afkoma þjóðarheildarinnar sé slík að nauðsynlegt sé að skerða kaupmátt þeirra lágu tekna.

Rauntekjur manna hafa lækkað mjög ört undanfarna mánuði. Vísitölur gefa mjög grófgerða hugmynd um þá þróun, því að þjóðfélagshópar eru misjafnlega settir. Engir hafa orðið fyrir jafntilfinnanlegri tekjuskerðingu og láglounafólk sem notar mjög verulegan hluta tekna sinna til að kaupa matvæli, því að það hefur einkennt þróunina að matvæli hafa hækkað meira en nokkrir aðrir vöruflokkar. Tekjulægstu hóparnir eru það fólk sem hefur lífsviðurværi sitt af hótum almannatrygginga. Almennur elli- og örorkulífeyrir nemur nú 13 339 kr. á mánuði. Þegar við bætist tekjutrygging hjá þeim sem engar aðrar tekjur hafa nemur bótaupphæðin 21 398 kr. á mánuði.

Við þriðju umræðu fjárlaga gerði Geir Gunnarsson, fulltrúi Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd, grein fyrir því hversu mjög kaupmáttur þessara tekna hefði verið skertur frá því að núverandi stjórn tók við völdum í ágúst í fyrra, á aðeins fjórum mánuðum. Hann gerði m. a. grein fyrir þessum dæmum um það hve mikið vörumagn hægt var að kaupa fyrir mánaðartekjurnar:

Almennur mánaðarlífeyrir í ágúst 1974. Almennur mánaðarlífeyrir í des. 1974.

Rúgbrauð 200 stk.	Rúgbrauð 173 stk.
Franskbrauð 254 stk.	Franskbrauð 222 stk.
Kartöflur 773 kg.	Kartöflur 319 kg.
Strásykur 81.4 kg.	Strásykur 48.5 kg.
Kaffi 32.7 kg.	Kaffi 27.7 kg.
Mjólk 522 lítrar.	Mjólk 430 lítrar.
Skyr 229.6 kg.	Skyr 146.6 kg.
Súpukjöt 51.3 kg.	Súpukjöt 40.5 kg.
Smjörlíki 71.4 kg.	Smjörlíki 62.3 kg.
Haframjöl 147.2 kg.	Haframjöl 116 kg.
Hveiti 162.9 kg.	Hveiti 148.2 kg.
Smjör 49.9 kg.	Smjör 28.8 kg.

Sé tekinn almennur lífeyrir að viðbættri tekjutryggingu líta dæmin þannig út:

Í ágúst 1974.

Rúgbrauð 310 stk.
Franskbrauð 393 stk.
Kartöflur 1195 kg.
Strásykur 125.9 kg.
Kaffi 50.5 kg.
Mjólk 807 lítrar.

Í desember 1974.

Skyr 354.9 kg.
Súpukjöt 79.3 kg.
Smjörlíki 110.4 kg.
Haframjöl 227.5 kg.
Hveiti 251.8 kg.
Smjör 77.1 kg.

Rúgbrauð 278 stk.
Franskbrauð 356 stk.
Kartöflur 512 kg.
Strásykur 77.6 kg.
Kaffi 44.4 kg.
Mjólk 690 lítrar.

Skyr 235.1 kg.
Súpukjöt 65 kg.
Smjörlíki 100 kg.
Haframjöl 186.1 kg.
Hveiti 237.8 kg.
Smjör 46.2 kg.

Skerðing kaupmáttar gagnvart þessum vörutegundum er veruleg og kemst í einu dæminu yfir 50%. Þær breytingar einar hafa orðið síðan í desember að sumar þessar vörur hafa enn hækkað.

Haldi þessi þróun áfram verða á skömmum tíma teknar aftur þær bætur á kjörum lífeyrisþega sem framkvæmdar voru á árunum 1971—1974. Vinstri stjórnin átti framkvæði að þeim umskiptum öllum, en lagabreytingarnar voru ævinlega samþykktar mólatkvæðalaust á þingi. Það er mikil hugafarsbreyting ef meiri hluti alþingismanna er nú orðinn gersamlega fráhverfur því að halda uppi almanna-tryggingakerfi til jafns við aðrar þjóðir með hliðstæðan efnahag.